

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 42/2009**

**frá 24. apríl 2009**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 24/2009 frá 17. mars 2009 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 775/2008 frá 4. ágúst 2008 um að setja hámarksgildi fyrir leifar kantaxantíns, sem er aukefni í fóðri, til viðbótar þeim skilyrðum sem kveðið er á um í tilskipun 2003/7/EB <sup>(2)</sup>.
- 3) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 1zzzzq (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 554/2008) í II. kafla I. viðauka við samninginn:

„1zzzzr. **32008 R 0775**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 775/2008 frá 4. ágúst 2008 um að setja hámarksgildi fyrir leifar kantaxantíns, sem er aukefni í fóðri, til viðbótar þeim skilyrðum sem kveðið er á um í tilskipun 2003/7/EB (Stjtið. ESB L 207, 5.8.2008, bls. 5).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 775/2008, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 25. apríl 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 130, 28.5.2009, bls. 12, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 28, 28.5.2009, bls. 10.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 207, 5.8.2008, bls. 5.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. apríl 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Alan Seatter***

formaður.